

Reglur um afhendingu á vörsluútgáfum gagna úr rafrænum gagnakerfum afhendingarskyldra aðila

Gildissvið

1. gr.

Reglur þessar gilda um embætti forseta Íslands, Alþingi, Hæstarétt, dómstóla, Stjórnarráðið og þær stofnanir sem undir það heyra, svo og aðrar stofnanir ríkisins, fyrirtæki í eigu ríkisins, sveitarfélög og stofnanir þeirra og fyrirtæki á þeirra vegum, félagasamtök sem fá meirihluta rekstrarfjár síns með framlagi á fjárlögum og félög sem njóta verulegs styrks af opinberu fé, sbr. 5. gr. laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands. Orðið afhendingaraðili er hér notað yfir alla þá sem reglur þessar taka til skv. ofangreindum lögum.

Reglurnar gilda um afhendingu á vörsluútgáfum rafrænna skráa, rafrænna gagnagrunna, rafrænna dagbókarkerfa og rafrænna mála- og skjalavörslukerfa. Hugtakið gagnakerfi er hér notað sem samheiti allra þessara rafrænu kerfa og skráa.

Varðveisla

2. gr.

Gögn úr gagnakerfum, sbr. skilgreiningu í 1. gr., og hljóð- og myndskleið, sem ákveðið hefur verið að varðveita, skal varðveita eftir reglum um vörsluútgáfu.

Þjóðskjalasafn Íslands getur ákveðið að varðveita skuli önnur skjalasöfn í formi vörsluútgáfu en skilgreind eru í 1. mgr.

Vörsluútgáfa

3. gr.

Gögnum úr gagnakerfum, sem tilgreind eru í 1. og 2. grein og ákveðið hefur verið að varðveita, skal fyrir afhendingu breytt í vörsluútgáfu sem er óháð tölvukerfum.

Vörsluútgáfu skal búa til eftir þeim leiðbeiningum og fyrirmælum sem Þjóðskjalasafn Íslands mælir fyrir um, sbr. viðauka 2-8.

Ef þess gerist þörf getur Þjóðskjalasafn Íslands ákveðið annað varðveisluform rafrænna gagna en skilgreint er fyrir vörsluútgáfu í viðauka 2-8.

Myndun og afhending vörsluútgáfu

4. gr.

Myndun og afhending vörsluútgáfu gagna afhendingarskyldra aðila skv. 1. gr. skal fara fram á þeim tíma sem Þjóðskjalasafn Íslands hefur áður ákveðið.

Myndun og afhending vörsluútgáfu gagna sveitarfélaga og stofnana þeirra og fyrirtækja á þeirra vegum sem aðilar eru að héraðsskjalasafni, sem uppfyllir skilyrði þjóðskjalavarðar um varðveislu rafrænna gagna, skulu fara fram á þeim tíma sem viðkomandi héraðsskjalasafn hefur áður ákveðið.

Þjóðskjalasafn Íslands getur að auki ákveðið að vörsluútgáfu gagna úr gagnakerfi skuli mynda þegar nauðsyn krefur vegna varðveislusjónarmiða.

5. gr.

Vörsluútgáfur gagna skulu prófaðar og samþykktar af Þjóðskjalasafni Íslands.

Vörsluútgáfur gagna sveitarfélaga og stofnana þeirra og fyrirtækja á þeirra vegum sem aðilar eru að héraðsskjalasafni, sem uppfyllir skilyrði þjóðskjalavarðar um varðveislu rafrænna gagna, skulu prófaðar af viðkomandi héraðsskjalasafni.

6. gr.

Eyðing rafrænna gagna er óheimil nema heimild Þjóðskjalasafns komi til eða samkvæmt sérstökum reglum þess efnis, sbr. 7. gr. laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands.

Afhendingaraðili má ekki eyða gögnum, sem fara í kerfisóháðu vörsluútgáfuna, fyrr en Þjóðskjalasafn eða viðkomandi héraðsskjalasafn hefur samþykkt afhendingu á þeirri vörsluútgáfu.

Gildistaka

7.gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 3. tölul. 4. gr. laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands. Þær taka gildi XX 2013.

Reglur um afhendingu á vörsluútgáfu gagna úr rafrænum gagnakerfum afhendingarskyldra aðila nr. 626 frá 1. ágúst 2010 falla úr gildi.

Til og með 31. desember 2013 hafa afhendingarskyldir aðilar leyfi til að skila vörsluútgáfum eftir reglum nr. 626 frá 1. ágúst 2010, sbr. 2. mgr.

Þjóðskjalasafn Íslands getur ákveðið að veita afhendingarskyldum aðila undanþágu frá 3. mgr. og veitt lengri frest.

Viðaukar

Viðauki 1

Efnisyfirlit viðauka

Viðauki 1 Efnisyfirlit viðauka

Viðauki 2 Myndræn framsetning af hlutum vörsluútgáfu og uppbyggingu hennar

Viðauki 3 Vörsluútgáfa af gögnum úr gagnakerfi (gagnagrunnur eða skjalavörslukerfi)

- A. Almennar reglur um vörsluútgáfu
- B. Uppbygging gagna
- C. Innihald gagna
- D. Upplýsingar um vörsluútgáfuna

Viðauki 4 Uppbygging gagna

- A. Almennar reglur um uppbyggingu gagna
- B. Staðsetning skráasafna og skráa
- C. Skráarsafnið *Indices* (lyklun)
- D. Skráarsafnið *Tables* (töflur)
- E. Skráarsafnið *ContextDocumentation* (samhengi skjala)
- F. Skráarsafnið *Schemas* (gerðarlýsing)
- G. Skráarsafnið *Documents* (skjöl)

Viðauki 5 Gagnainnihald

- A. Töfluinnihald
- B. Gagnategundir
- C. Umbreyting töfluinnihalds í stafræn skjöl, hljóð-, myndskleið eða landfræðileg gögn
- D. Textasniðmát
- E. Stafræn skjöl
- F. Hljóð- og myndskleið
- G. Landfræðileg gögn
- H. Þjöppun
- I. Bestun
- J. Engin rýrnun gæða

Viðauki 6 Upplýsingar um vörsluútgáfuna


- A. Lýsing á skjalasafni
- B. Skjölun um tilurð og hlutverk skjalasafnsins
- C. Upplýsingar um töflur vörsluútgáfunnar (lýsigögn)
- D. SQL- fyrirspurnir

Viðauki 7 Afhendingarmiðill

Viðauki 8 Skemu

Viðauki 2

Myndræn framsetning af hlutum vörsluútgáfu og uppbyggingu hennar



Mynd 2.1

Viðauki 3

Vörsluútgáfa af gögnum úr gagnakerfi (gagnagrunnur eða skjalavörslukerfi)

3.A Almennar reglur um vörsluútgáfur

3.A.1 Vörsluútgáfa samanstendur af:

- Uppbyggingu gagna, sbr. 3.B
- Innihaldi gagna, sbr. 3.C
- Upplýsingum um vörsluútgáfuna, sbr. 3.D

3.A.2 Vörsluútgáfa má ekki innihalda þjappaðar upplýsingar.

3.A.3 Vörsluútgáfa skal innihalda öll gögn og skjöl sem eru afhendingarskyld frá afmörkuðu tímabili þar sem gögnum er ekki lengur bætt við eða breytt, eða stöðuafrít af öllum gögnum og skjölum frá ákveðnu tímabili.

3.A.4 Ef vörsluútgáfan er af gagnakerfi sem inniheldur skjöl og er starfrækt án skilgreinds skjalavörslutímabils, eða ef um er að ræða skiptingu milli skjalavörslutímabila þannig að gögn af eldra tímabili eru flutt yfir á nýtt tímabil, þá skulu skjölin sem eru afhent í vörsluútgáfunni vera merkt í gagnakerfinu á þann hátt að hægt sé að aðskilja þau við gerð þeirra vörsluútgáfna sem fylgja í kjölfarið.

3.B Uppbygging gagna

3.B.1 Uppbygging gagna í vörsluútgáfu samanstendur af:

- skráasöfnum, sbr. 4.B, sýnt á mynd 2.1.

- venslaðri gagnagrunnsuppbyggingu á 1. normalformi eða hærri, tilgreint í röðunarskránni *tableIndex.xml*, sbr. 4.C.5.a.

- öðrum röðunarskrám á XML formi, sbr. 4.C, sem sýnir uppbyggingu á vörsluútgáfunni og varpar ljósi á skipulag hennar, vísanir í allar skrár í vörsluútgáfunni, skjöl sem sýna hlutverk og tilurð gagnanna og þau stafrænu skjöl sem fylgja.

3.C. Innihald gagna

3.C.1 Innihald gagna samanstendur af:

- töflum þar sem innihaldið er skv. stöðluðum gagnategundum, sbr. 5.B.

- srafrænum skjölum, hljóð-, myndskleiðum og landfræðilegum gögnum í stöðluðum gagnasniðmátum, sbr. 5.E – 5.G.

3.D. Upplýsingar um vörsluútgáfuna

3.D.1 Upplýsingar um vörsluútgáfuna samstanda af lýsingu á stjórnsýslulegu hlutverki gagnakerfisins, tilurð gagnanna sem skráð eru í það og uppbyggingu vörsluútgáfunnar, sbr. viðauka 6.

Viðauki 4

Uppbygging gagna

4.A Almennar reglur um uppbyggingu gagna

4.A.1 Í vörsluútgáfu skulu allir lykjar hafa einkvæmt auðkenni. Það mega ekki koma upp þær aðstæður að nauðsynlegt reynist að draga hluta lykja/svæða út til að skilja innihald eða hlutverk gagnakerfisins.

4.A.2 Þegar gildi í reit er kóti sem stendur fyrir einkvæmt og fast gildi, verður að útskýra kótann.

Ef kótagildin er ekki að finna í kóta- eða uppflettingarskrá í gagnakerfinu, þá þarf að vera til staðar í vörsluútgáfunni ein eða fleiri töflur með skýringum á kótum í reitum. Önnur leið til að gera þetta er að þegar gögn eru sett yfir í töflu vörsluútgáfu, þá er kótanum skipt út fyrir það gildi/skýringu sem hann stendur fyrir.

4.A.3 Svo lengi sem skjölín í skjalavörslukerfi eru geymd í merkingabærri uppbyggingu, skal umbreyta þessari uppbyggingu í eina eða fleiri töflur í vörsluútgáfunni.

4.B Staðsetning skráarsafna og skráa

4.B.1 Í rótinni á skráakerfinu á afhendingarmiðlinum, sbr. viðauka 7, skal vera fyrir hendi skráarsafn með nafni miðilsins. Nafn miðils samanstendur af einkvæmu númeri vörsluútgáfunnar ásamt viðskeytinu >>.n<< sem tilgreinir númer viðkomandi miðilseiningar, þar sem n er hlaupandi miðilsnúmer sem byrjar á 1.

4.B.2 Innihald vörsluútgáfunnar skiptist í skráasöfn eins og sýnt er á mynd 4.1.

4.B.3 Nafngift skráasafna skal vera skv. því sem kemur fram á mynd 4.1.

4.B.4.a Auðkenni vörsluútgáfu samanstendur af forskeytinu AVID, 2.-4. bókstafa númeri sem er auðkenni viðtökuskjalasafns, ásamt vörsluútgáfunúmeri. Þessir hlutar eru aðgreindir með punkti.

4.B.4.b Vörsluútgáfunúmerið er tilgreint af viðtökuskjalasafni.

4.B.5.a Vörsluútgáfa sem rúmast ekki á einum miðli, sbr. viðauka 7, er hægt að dreifa á fleiri eintök miðla.

4.B.5.b Skráasöfnin *ContextDocumentation*, *Indices* og *Schemas* verða alltaf að vera til staðar á fyrstu einingu afhendingarmiðils.

4.B.5.c Skráasafnið í rótinni öðrum miðilseiningum en þeirri fyrstu, skulu einungis innihalda þau skráasöfn sem eru með innihald sem skipta þarf upp á fleiri miðilseiningar. Nafngiftin á þessum skráasöfnum skal vera án viðskeytis eins og sýnt er á mynd 4.1.

4.B.6 Það má einungis vera eitt skráarsafn á hverri miðilseiningu með þeim heitum sem listuð eru upp á mynd 2.1.

Möppuheiti	Lýsing	Skylda	Staðsetning
<i>Indices</i>	Vísunarskrár, sbr. 4.C	Já	Alltaf á fyrsta miðli.
<i>Tables</i>	Töfluinnihald, sbr. 4.D	Já	Má staðsetja frjálst og má skipta upp á fleiri miðla
<i>ContextDocumentation</i>	Skjölun samhengis, sbr. 4.E	já	Alltaf á fyrsta miðli
<i>Schemas</i>	XML-skemu, sbr. 4.F. Skemumappan skal vera með tvær undirmöppur: <i>standard</i> og <i>localShared</i>	Já	Alltaf á fyrsta miðli
<i>Documents</i>	Tilheyrandi skjöl, hljóð- og myndskleið, landfræðileg gögn, sbr. 4.G	Nei	Má staðsetja frjálst og má skipta upp á fleiri miðla

Mynd 4.1

4.C Skráarsafnið *Indices* (lyklun)

4.C.1.a Skráarsafnið *Indices* skal innihalda eftirfarandi röðunarskrármeð upplýsingum um vörsluútgáfuna og innihald hennar:

- *fileIndex.xml*
- *archiveIndex.xml*
- *contextDocumentationIndex.xml*
- *tableIndex.xml*

4.C.1.b Ef vörsluútgáfan inniheldur rafræn skjöl, hljóð-, myndskleið eða landfræðileg gögn skal skráarsafnið *Indices* ennfremur innihalda eftirfarandi röðunarskrá:

- *docIndex.xml*

4.C.1.c Allar röðunarskrár skulu vera eftir tilheyrandi skema, sbr. viðauka 8.

4.C.2.a **fileIndex.xml** skal innihalda tæmandi lista yfir allar skrár sem er að finna í vörsluútgáfunni. fileIndex.xml er þó undanþegin í listanum.

4.C.2.b Fyrir hverja skrá sem er í vörsluútgáfunni skal tilgreina þær upplýsingar sem koma fram á mynd 4.2.

Nafn hlutar	Táknun	Lýsing	Kemur fyrir í skrá	Skylda
foN	Slóð	Uppgefin slóð vísar á það skráarsafn í vörsluútgáfunni þar sem skráin er staðsett.	1	Já
fiN	Nafn	Skráarnafn	1	Já
md5	Prófsumma	Prófsumma af tegundinni MD5 með hliðsjón af <i>IETFRFC1321 - The MD5 MessageDigest algorithm</i> : 128 bitar (16 bæti) túlkað sem 32 sextánska tala, allar tölurnar eru uppgefnar með annað hvort lágstöfum eða hástöfum. Krafa um 32 sextánska tölu leiðir einnig af sér að nauðsynlegt getur verið að nota eitt eða fleiri núll fremst í prófsummuni.	1	Já

Mynd 4.2

4.C.3 **archiveIndex.xml** skal innihalda þær upplýsingar sem koma fram í lið 6.A.

4.C.4.a **contextDocumentationIndex.xml** skal innihalda vísun í þau skjöl vörsluútgáfunnar sem innihalda lýsingu á samhengi hennar.

4.C.4.b Fyrir hvert skjal sem inniheldur lýsingu á samhengi skal skrá þær upplýsingar sem koma fram á mynd 4.3.

Nafn hlutar	Táknun	Skilgreining	Kemur fyrir í skjali	Skylda
documentID	Einkvæmt númer skjals	Auðkennisnúmer upp að 12 tölustöfum.	1	Já
DdocumentTitle	Heiti skjals	Frjáls texti	1	Já
documentDescription	Lýsing skjals	Frjáls texti	0-1	Nei
documentDate	Dagsetning	Ár, ár-mánuður, ár-mánuður-dagur, sjá XML staðal	0-1	Nei
authorName	Höfundur	Frjáls texti	0-m	Nei
authorInstitution	Stofnun höfundar	Frjáls texti	0-m	Nei
documentCategory	Málaflokkur/Skjalaflokkur skjals	Flokkur sbr. viðauka 6, mynd 6.2	1-m	Já

Mynd 4.3

4.C.5.a **tableIndex.xml** skal innihalda skilgreiningu af venslaðri gagnagrunnsuppbyggingu á 1. normalformi eða hærra. Allar töflur í vörsluútgáfunni skulu vera tilgreindar.

4.C.5.b >>tableIndex.xml<< skal innihalda almenna XML-skemað >>tableIndex.xsd<<, sbr. 4.F.

4.C.5.c Ef reitur má hafa gildið NULL, skal setja inn gildið >>true<< fyrir stillinguna >>nullable<< á reitnum í >>tableIndex.xml<<.

4.C.6.a **docIndex.xml** segir til um tenginguna milli hvers skjals og staðsetningar þess í vörsluútgáfunni. >>docIndex.xml<< skal að auki innihalda upplýsingar um upprunalegt skráarheiti, skráartegund í vörsluútgáfunni ásamt tengslum við yfirsjál ef um slíkt er að ræða. >>docIndex.xml<< skal ekki innihalda upplýsingar um skjöl sem varða samhengi og tilurð skjalasafnsins.

4.C.6.b Fyrir hvert skjal sem er listað í docIndex.xml skal gefa þær upplýsingar sem koma fram á mynd 4.4

Nafn hlutar	Táknun	Lýsing	Skilgreining	Kemur fyrir í skjali	Skylda
dID	DocID	ID, sem er einkvæmt og vísar á skjalið	ID sem má að hámarki vera 12 tölustafir	1	Já
pID	Parent	ID á yfirsjali	DocID	0-1	Nei
mID	MediaID	Nafn á miðlinum sem skjalið liggur á	Sjá 4.B.1	1	Já
dCf	SubFolder	Skjalamappan sem skjalið liggur í	Sjá 4.G	1	Já
oFn	OrigFilename	Upprunalegt heiti skjalsins (ásamt viðskeyti) í starfandi gagnakerfi	Frjáls texti	1	Já
aFt	ArchivalFormat	Sniðmát skjalsins í vörsluútgáfunni	Viðskeyti, sjá 4.G.8	1	Já
gmlXsd	Schema	Fyrir GML skrár skal gefa upp tilvísun í það skema (.xsd) sem skal notast við til að staðfesta hlutaðeigandi GML skrá.	Frjáls texti	0-1	Nei

Mynd 4.4

4.D. Skráarsafnið *Tables* (töflur)

4.D.1 Skráarsafnið *Tables* skal innihalda eina möppu fyrir hverja töflu í vörsluútgáfunni.

4.D.2.a Skráarsafn fyrir hverja töflu skal skíra með heiti töflu, þ.e. >>tafla[hlaupandi númer]<<.

4.D.2.b Hlaupandi númerið skal byrja á 1. Ekki er leyfilegt að hefja númerið á núlli.

4.D.3 Skráarsafn fyrir hverja töflu skal innihalda tvær skrár:

-tafla[hlaupandi númer].xsd

-tafla[hlaupandi númer].xml

4.D.4 >>tafla[hlaupandi númer].xsd<< er XML skema, sem skilgreinir uppbyggingu viðkomandi töflu, og skal vera í samræmi við XML lýsinguna í >>taflaIndex.xml<<, sbr. 4.C.5.a, sem tilgreinir uppbygginguna á vensluðum gagnagrunni vörsluútgáfunnar, m.ö.o. tilgreinir allar töflur.

4.D.5 >>tafla[hlaupandi númer].xml<< er XML-tilvik, sem inniheldur gögn fyrir viðkomandi töflu og uppbyggingin á þeim skal vera í samræmi við tilheyrandi XML skema, >>tafla[hlaupandi númer].xsd<<.

4.D.6 Ef reitur í töflu getur haft gildið NULL, skal skilgreina reitinn í tilheyrandi skema (>>tafla[hlaupandi númer].xsd<<) með nillable=>>true<<. Samsvarandi skal XML-tilvikið fyrir (>>tafla[hlaupandi númer].xml<<) innihalda eigindið xsi:nil=>>true<< sbr. W3C staðalinn fyrir meðhöndlun á NULL gildum í XML.

4.E. Skráarsafnið *ContextDocumentation* (samhengi skjala)

4.E.1 Skráarsafnið *ContextDocumentation* skal innihalda eina eða fleiri skjalamöppur með gögnum um samhengi og tilvist skjalasafnsins, sbr. 6.B.

4.E.2 Skjalamappa með skjölum um samhengi og tilvist gagna má mest innihalda 10.000 undirskjalamöppur.

4.E.3 Skjalamöppum skal gefa nafnið >>docCollection[hlaupandi númer]<<, þar sem númerið skal byrja á 1. Nafn skjalamöppunnar skal vera einkvæmt innan *ContextDocumentation*.

4.E.4 Hvert skjal sem innan almennra upplýsinga (*ContextDocumentation*) skal fá númer til auðkennis sem má mest vera 12 tölustafir, eða s.k. skjala ID. Hvert ID skal vera einkvæmt innan *ContextDocumentation*.

- 4.E.5 Undirskjalamappa skal innihalda eitt skjal, sem samanstendur af einni eða fleiri skrá af sama sniðmáti, og nafni undirskjalamöppunnar skal vera það sama og tilheyrandi skjala ID. Talan ID má ekki byrja á núlli.
- 4.E.6 Nafngift á skrá(m) sem eru í skjali skal vera hlaupandi númer sem hefst á 1 ásamt endingu viðkomandi skjalasniðs, sbr. 4.G.8.

4.F. Skráarsafnið *Schemas* (gerðarlýsingar)

- 4.F Skráarsafninu *Schemas* skal skipta upp í undirskráarsöfnin *standard* og *localShared*.
- 4.F.2 Undirskráarsafnið *standard* skal innihalda skemu fyrir röðunarskrár vörsluútgáfunnar, sbr. viðauka 8, ásamt W3C staðlinum fyrir XML-skema, sbr. <http://www.w3.org/2001/XMLSchema.xsd>.
- 4.F.3 Fyrir skemurnar *fileIndex.xsd*, *archiveIndex.xsd*, *contextDocumentationIndex.xsd*, *tableIndex.xsd*, *docIndex.xsd* ásamt W3C staðlinum fyrir XML skema gildir, að það skal allaf nota þau skemu sem Þjóðskjalasafn Íslands leggur til. Skemun og nafngift þeirra má ekki breyta í vörsluútgáfunni.
- 4.F.4 Mappan *localShared* skal innihalda GML skemu sem ekki eru staðsett með tilheyrandi GML skjali, sbr. 4.G.7.a

4.G. Skráarsafnið *Documents* (skjöl)

- 4.G.1 Skráarsafnið *Documents* skal innihalda eina eða fleiri skjalamöppur, þó að hámarki 10.000.
- 4.G.2 Skjalamöppurnar skulu fá heitið `>>docCollection[hlaupandi númer]<<`, þar sem fyrsta númerið er 1. Nafnið skal vera einkvæmt innan *Documents*.
- 4.G.3 Skjalamappa má mest innihalda 10.000 undirskjalamöppur.
- 4.G.4 Hvert skjal í vörsluútgáfunni skal fá númer, skjala ID, sem má að hámarki vera 12 tölustafir. Skjala ID skal vera einkvæmt innan *Documents* skráarsafnsins.
- 4.G.5 Undirskjalamappa skal innihalda eitt skjal, sem samanstendur af einni eða fleiri skrá af sama sniðmáti, og nafni undirskjalamöppunnar skal vera það sama og tilheyrandi skjala ID. Talan ID má ekki byrja á núlli.
- 4.G.6 Nafngift á skrá(m) sem eru í skjali skal vera hlaupandi númer sem hefst á 1 ásamt endingu viðkomandi skjalasniðs. Númerið má ekki byrja á núlli.
- 4.G.7 Fyrir GML skrár skal geyma tilheyrandi skema í sömu möppu og GML skrána og gefa henni heiti með hlaupandi númeri með skráarendingunni *.xsd*, þó með hliðsjón af 4.G.7.a. Heitið má ekki byrja á núlli.
- 4.G.7.a Einnig er leyfilegt er að staðsetja GML skemur í undirskráarsafninu *localShared*, sbr. 4.F. GML skemur í möppunni *localShared* skal gefa heitið `>>localSchema[hlaupandi númer]<<`, þar sem númerið hefst á 1.
- 4.G.8 Notkun á endingum
- 4.G.8.a Skjöl í sniðmáttinu TIFF skulu hafa endinguna *tif*.
- 4.G.8.b Skjöl í sniðmáttinu MP3 skulu hafa endinguna *mp3*.
- 4.G.8.c Skjöl í sniðmáttinu MPEG-2 og MPEG-4 skulu hafa endinguna *mpg*.
- 4.G.8.d Skjöl í sniðmáttinu JPEG-2000 skulu hafa endinguna *jp2*.
- 4.G.8.d Skjöl í sniðmáttinu GML skulu hafa endinguna *gml*.
- 4.G.8.d Skjöl í sniðmáttinu WAVE skulu hafa endinguna *wav*.
- 4.G.9 Í vörsluútgáfunni þarf að vera hægt að kalla fram mál og tilheyrandi skjöl, en slíka virkni skal útfæra eftir leiðsögn frá viðtökuskjalasafni.

Viðauki 5

Gagnainnihald

Vörsluútgáfan samanstendur af gögnum sem eru uppsett í töflur og í stöðluðum gagnategundum ásamt stafrænum skjölum, hljóð-, myndskrá og landfræðilegum gögnum á stöðluðu sniði.

5.A. Töfluinnihald

5.A.1.a Í samræmi við það töfluform sem er skilgreint fyrir hverja töflu, skal gefa upp í tilheyrandi XML skema nafn >>tafla[hlaupandi númer].xsd<<, sbr. 4.D, þar sem hver tafla finnst í XML skrá með nafninu >>tafla[hlaupandi númer].xml<<.

5.A.1.b Hlaupandi númerið byrjar á 1. Númerið má ekki byrja á núlli.

5.A.2 Innihaldið í hverjum reit skal hreinsa þannig að stafabil fyrir framan og aftan gildi sé eytt.

5.B. Gagnategundir

5.B.1.a Staðlaðar gagnategundir, sem er leyfilegt að nota fyrir innihald í töflu, er tilgreint á mynd 5.1.

Gagnategundirnar á myndinni eru útdráttur af gagnategundum í staðlinum SQL:1999 sem er sett fram sem gagnategundir í W3C XML Schema Language 1.0.

5.B.1.b Það er gagnategundin í W3CXML Schema Language 1.0 sem skal nota. Umritunin frá gagnategundum í SQL:1999 er sýnd til að skilgreina hvernig gagnategundirnar eru fluttar yfir í W3C XML Schema Language 1.0.

Gagnategund	SQL:1999	XML-gagnategund
Texti	CHAR, CHARACTER,NCHAR, NATIONAL CHAR, NATIONAL CHARACTER, VARCHAR, CHARACTER VARYING, NATIONAL CHARACTER VARYING	string
Heiltala	INTEGER, SMALL INTEGER	integer
Tugastafur	NUMERIC, DECIMAL, FLOAT, DOUBLE PRECISION, REAL	decimal
Boolean	BOOLEAN	boolean
Bókstafur	CHAR, CHARACTER,NCHAR, NATIONAL CHAR, NATIONAL CHARACTER, VARCHAR, CHARACTER VARYING, NATIONAL CHARACTER VARYING	hexBinary
Dagsetning	DATE	date
Tími	TIME[WITH TIME ZONE]	time
Tímastimpill	TIMESTAMP[WITH TIME ZONE]	dateTime
Tímabil	INTERVAL	duration

Mynd 5.1

5.B.2 Gagnategundin *string* má einungis innihalda texta sem ekki er kóðaður, texta sem hægt er að lesa beint.

5.B.3 Gagnategundin *boolean* má einungis, skv. W3C, innihalda gildin 1; 0 eða *true*; *false*.

5.B.4 Gagnategundirnar *date*, *time* og *dateTime* má nota með eða án *TimeZone*.

5.C Umbreyting á töfluinnihaldi yfir í stafræn skjöl, hljóð-, myndskreið eða landfræðileg gögn

5.C.1 Töfluinnihald skal vera skv. tilgreindum gagnategundum, sbr. 5.B. Fyrir gagnainnihald, uppsett í töfluformi í starfandi gagnakerfi sem skal flytja yfir í vörsluútgáfu og sem uppfyllir ekki fyrrnefnda kröfu um gagnategundir, skal umbreyta á eftirfarandi hátt:

5.C.1.a í stafræn skjöl, hljóð- og myndskrár eða landfræðileg gögn skulu um leið umbreytast yfir í þau sniðmát sem skilgreind eru í 5.E – 5.G.

5.C.1.b í textastreng af gagnategundinni *string*, sbr. 5.B, þar sem innihaldið eru þau gögn sem hægt er að breyta í textastreng og öðru innihaldi er eytt.

5.C.2 Viðtökuskjalasafn ákveður hvort viðkomandi gögn skuli meðhöndla með tilliti til 5.C.1.a eða 5.C.1.b.

5.D Textasniðmát

5.D.1 Unicode táknun

5.D.1.a Gögn í röðunarskrám vörsluútgáfunnar og gögn í töflum skal tákna sem *well-formed* UTF-8, eins og gefið er upp í ISO/IEC 10646:2003 viðauka D og eins og lýst er í *The Unicode Standard 5.1*, kafla 3.

5.D.1.b Táknin skulu vera gild Unicode mæligildi. Staðgengla/RC-þáttur og Unicode *noncharacters* má ekki nota.

5.D.1.c Ekki má nota neitt stafgildi innan *Private Use Area*.

5.D.1.d Stjórnunartákn frá og með #x00 til og með #x1F er ekki leyfilegt að nota, þó með þeim undantekningum að dálkstillir (TAB) #x09, nýlínustafur (LF) #x0A og vendistafur (CR) #x0D eru leyfilegir.

5.D.2. XML táknun

5.D.2.a Með hliðsjón af XML staðlinum gilda þær reglur fyrir tilvísun á hlutaðeigandi táknum, eins og fram kemur á mynd 5.2.

Tákn	Ritháttur	Notkun
<	<	Skylda
>	>	Mælt með
&	&	Skylda
'	'	Mælt með
"	"	Mælt með

Mynd 5.2

5.D.2.b Táknin frá og með #x7F til og með #x9F skal gefa upp með tugabrots- eða sextánskutákni.

5.D.2.c CDATA hlutann <![CDATA]> má ekki nota.

5.E Stafræn skjöl

5.E.1 Stafrænt skjal, sbr. þó 5.F og 5. G skal setja í eitt af eftirtöldum sniðmátum:

- grafíska sniðmátið TIFF, útgáfa 6.0 baseline.
- JPEG-2000 eftir staðlinum ISO/IEC 15444-1:2004. Information technology – JPEG 2000 image coding system
- Part 1 : Core coding system.

5.E.1.b Það er leyfilegt að nota bæði sniðmátin innan sömu vörsluútgáfu.

5.E.2 Skjöl í TIFF skjal þjappa eftir eftirfarandi þjöppunarreglum:

5.E.2.a Svart/hvít skjöl skal þjappa með CCITT/TSS flokk 3, flokk 4, PackBit eða LZW.

5.E.2.b Skjöl með grátónum eða litum skal þjappa með PackBit eða LZW.

5.F. Hljóð- og myndskleið

5.F.1 Hljóðskleið skal vista samkvæmt staðlinum MP3 DS/EN ISO/IEC 11172-3.

5.F.2 Viðtökuskjalasafn getur leyft að hljóðskrár afhendist á sniðmátinu WAVE LPCM sem er skilgreint í *Multimedia Programming Interface and Data Specifications 1.0. IBM Corporation and Microsoft Corporation, August 1991*. Það takmarkast þó við bitadýpt sem er heiltölumargföldun af 8.

5.F.3 Myndskrár skal vista eftir einum af eftirtöldum stöðlum:

- MPEG-2 DS/EN ISO/IEC 13818-2. Tilheyrandi hljóð skal umbreyta í MP3, eins og skilgreint er í ISO/IEC 13818-3.

- MPEG-4 AVC DS/EN IEC 14496-10 (ITU-T H.264). Mynd skal umbreyta eins og skilgreint er í ISO/IEC 14496-10. Einnig skal umbreyta hljóði í AAC, eins og skilgreint í ISO/IEC 14496-3. Hljóð og mynd skal setja saman í sniðmátið MPEG-4 eins og skilgreint í ISO/IEC 14496-14.

5.G Landfræðileg gögn

5.G.1 Gögn úr landupplýsingakerfum ásamt öðrum landfræðilegum gögnum skal vista sem GML-skrár, sbr. GML 3v3.DK, sem er danska útgáfan af GML staðlinum ISO 19136.

5.G.2 GML skrár sem eru stærri en 1 GB, er skipt upp í einingar eftir leiðbeiningum frá viðtökuskjalasafni.

5.G.3 Hverja GML skrá, jafnvel eftir uppskiptingu sbr. 5.G.2, skal meðhöndla sem sértækt skjal, m.t.t. 4.G.

5.G.4 Þær XML skemur sem eru nauðsynlegar til að staðfesta GML skrárnar skulu vera með í vörsluútgáfunni.

5.H. Þjöppun

5.H.1 Vörsluútgáfa má ekki vera þjöppuð á annan hátt en samkvæmt þeim þjöppunarstöðlum sem vísað er til fyrir þau skjalasniðmát sem eru í vörsluútgáfunni, sbr. 5.E og 5.F.

5.I Bestun

5.I.1 Viðtökuskjalasafn getur í sérstökum og afmörkuðum tilfellum gert samkomulag um að stærð skjala verði minnkuð, til dæmis við að nota bestaða bitadýpt.

5.J Engin rýrnun gæða

5.J.1 Við gerð vörsluútgáfu mega gæði skjala, svo sem hljóð- og myndskaiða, ekki minnka í tengslum við gerð vörsluútgáfu nema notkun tiltekins sniðs í vörsluútgáfu leiði það beiðnlínis af sér, eða samkvæmt þeim leiðbeiningum sem viðtökuskjalasafn skilgreinir.

Viðauki 6

Upplýsingar um vörsluútgáfuna

Upplýsingar um vörsluútgáfuna samanstanda af eftirfarandi þáttum:

- Lýsing á skjalasafni, sbr. 6.A.
- Skjölnun um tilurð og hlutverk skjalasafnsins, sbr 6.B.
- Upplýsingar um töflur vörsluútgáfunnar (töfluvísun), sbr. 6.C.
- SQL-fyrirspurnir, sbr. 6.D.

6.A. Lýsing á skjalasafni

6.A.1 Hver vörsluútgáfa skal innihalda skjal með lýsingu á skjalasafninu sem inniheldur upplýsingar með hliðsjón af því sem mynd 6.1 listar upp.

6.A.2 Skrána með lýsingu á skjalasafni skal nefna archiveIndex.xml og skal hún vera uppbyggð eftir tilheyrandi skema, sbr. viðauka 8.

6.A.3 Innihaldið í skránni með lýsingu á skjalasafni er ákveðið í samráði afhendingaraðila og viðtökuskjalasafns.

Nafn svæðis	Tilgangur	Lýsing	Skilgreining	Notkun	Skylda
archiveInformation-PackageID	Vörsluútgáfunúmer	Einkvæmt númer sem viðtökuskjalasafn ákveður fyrir vörsluútgáfuna	Einkvæmt vörsluútgáfunúmer eins og skilgreint er í þessum reglum	1	Já
archiveInformation-PackageIDPrevious	Fyrri afhending	Einkvæmt vörsluútgáfunúmer á fyrri afhendingu úr sama gagnakerfi	Einkvæmt vörsluútgáfunúmer, eins og skilgreint í þessum eða fyrri reglum	0-1	Nei
archivePeriodStart	Upphafsdagsetning vörsluútgáfu	Upphafsdagsetning afhentra gagna	Ár, ár-mánuður, eða ár-mánuður-dagur	1	Já
archivePeriodEnd	Lokadagsetning vörsluútgáfu	Lokadagsetning afhentra gagna	Ár, ár-mánuður, eða ár-mánuður-dagur	1	Já
archiveInformation-PackageType	Lokaafhending	Tilgreint ef vörsluútgáfan er lokaafhending	Booleískt gildi	1	Já
creatorName	Heiti skjalamyndara	Heiti allra skjalamyndara að gögnum í vörsluútgáfunni. Einnig getur verið um að ræða svið innan stofnana eða aðrir skjalamyndarar.	Frjáls texti	1-m	Já
creationPeriodStart	Upphafsdagur skjalamyndara	Fyrir hvern skjalamyndara skal tilgreina hvenær rafræn skjalavarsla hófst	Ár, ár-mánuður, eða ár-mánuður-dagur	1-m	Já
creationPeriodEnd	Lokadagur skjalamyndara		Ár, ár-mánuður, eða ár-mánuður-dagur	1-m	Já

archiveType	Tegund afhendingar	Gildi sem tilgreinir hvort vörsluútgáfan innihaldi gögn skjalavörsluútmabils sem er lokið, eða hvort um sé að ræða stöðuafrit af gögnum	Booleískt gildi	1	Já
systemName	Kerfisheiti	Opinbera heitið á gagnakerfinu þar sem leyst er úr öllum skammstöfum	Frjáls texti	1	Já
alternativeName	Annað kerfisheiti	Annað nafn á gagnakerfinu	Frjáls texti	0-m	Nei
systemPurpose	Tilgangur kerfis	Lýsing á því hver er tilgangur gagnakerfisins	Frjáls texti	1	Já
systemContent	Innihald kerfisins	Miðlægt hlutverk gagnakerfisins og breytur þess	Frjáls texti	1	Já
regionNum	Svæðisnúmer	Gildi sem tilgreinir hvort svæðisnúmer hafi kerfislega verið sett inn í gagnakerfið	Booleískt gildi	1	Já
komNum	Sveitarfélagsnúmer	Gildi sem tilgreinir hvort sveitarfélagsnúmer hafi kerfislega verið sett inn í gagnakerfið	Booleískt gildi	1	Já
cprNum	Kennitala	Gildi sem tilgreinir hvort kennitala hafi kerfislega verið sett inn í gagnakerfið	Booleískt gildi	1	Já
cvrNum	CVR númer	Gildi sem tilgreinir hvort CVR númer hafi kerfislega verið sett inn í gagnakerfið	Booleískt gildi	1	Já
matrikNum	Fasteignanúmer	Gildi sem tilgreining hvort fasteignanúmer hafi kerfislega verið sett inn í gagnakerfið	Booleískt gildi	1	Já
bbrNum	BBR-númer	Gildi sem tilgreinir hvort BBR númer er notað til skráningar í upplýsingakerfið	Booleískt gildi	1	Já
whoSygKod	WHO sjúkdómakóti	Gildi sem tilgreinir hvort WHO sjúkdómakóti er notaður til skráningar í upplýsingakerfið	Booleískt gildi	1	Já
sourceName	Gagnalind	Önnur gagnakerfi sem hafa fært inn gögn í gagnakerfið (uppfletting, yfirfærsla, samkeyrsla o.s.frv.)	Frjáls texti	0-m	Nei
userName	Gagnanotandi	Önnur gagnakerfi sem hafa notað gögn úr gagnakerfinu (uppfletting, yfirfærsla,	Frjáls texti	0-m	Nei

		samkeyrsla o.s.frv.)			
predecessorName	Fyrri kerfisheiti	Heiti kerfa sem áður hafa haft sama hlutverk	Frjáls texti	0-m	Nei
formVersion	FORM-útgáfa	FORM flokkun á vörsluútgáfunni.	Gilt FORM útgáfunúmer	1	Skylda fyrir gagnakerfi frá opinberum stofnunum
formClass	FORM-flokkun	Flokkun af vörsluútgáfunni með tilliti til FORM	Gild FORM tilvísun með hliðsjón af útgáfunni af FORM	1-m	Skylda fyrir gagnakerfi frá opinberum stofnunum
fromClassText	FORM-flokkun í texta	FORM flokkun í texta	Frjáls texti	1-m	Skylda fyrir gagnakerfi frá opinberum stofnunum
containsDigital- Documents	Stafræn skjöl í innihaldi	Gildi sem tilgreinir hvort stafræn skjöl séu í vörsluútgáfunni, önnur en þau sem innihalda samhengisupplýsingar	Booleískt gildi	1	Já
searchRelated- OtherRecords	Leitaraðferð að málum eða skjölum	Gildi sem tilgreinir hvort vörsluútgáfan innihaldi nauðsynlega leitaraðferð að málum og skjölum sem eru á pappír eða í öðrum upplýsingakerfum	Booleískt gildi	1	Já
relatedRecordsName	Skjalasafn sem leitaraðferð er fyrir	Tilvísun í þau skjalasöfn sem vörsluútgáfan er leitaraðferð fyrir	Frjáls texti	0-m	Já, ef næsti liður að ofan er „Já“
systemFileConcept	Tilvist af málaskrá	Gildi sem tilgreinir hvort upplýsingakerfið noti mál til að tengja saman efnislega samtengd skjöl	Booleískt gildi. Má einungis vera <i>true</i> ef það eru stafræn skjöl í upplýsingakerfinu	1	Já
multipleData- Collection	SOA arkitektúr	Gildi sem tilgreinir hvort upplýsingakerfið er samsett af gögnum og jafnvel skjölum frá fleiri ólíkum upplýsingakerfum í þjónustumiðlægum arkitektúr	Booleískt gildi	1	Já

personalData-RestrictedInfo	Persónuleg gögn	Gidli sem tilgreinir hvort það eru upplýsingar í vörsluútgáfunni sem falla undir lög um persónuvernd (persónugreinanleg gögn)	Booleískt gildi	1	Já
otherAccessType-Restrictions	Lokuð gögn	Gildi sem tilgreinir hvort það eru upplýsingar í vörsluútgáfunni sem þarf að takmarka sérstaklega aðgang að	Booleískt gildi	1	Já
archiveApproval	Skjalasafn sem samþykkir (viðtökuskjalasafn)	Skilgreining á því hvaða opinbera skjalasafn samþykkir vörsluútgáfuna	Auðkenni skjalasafns (2-4 stafir)	1	Já
archiveRestrictions	Aðgangstakmarkanir	Skilgreining á því hvaða aðgangstakmarkanir gilda fyrir skjalasafnið, skilgreint í samráði við viðtökuskjalasafn	Frjáls texti	0-1	Nei

Mynd 6.1

6.B Skjölun um tilurð og hlutverk skjalasafnsins

6.B.1 Hver vörsluútgáfa skal innihalda skjöl, sem skýra stjórnábylgju hlutverk gagnakerfisins ásamt uppbyggingu þess og virkni.

6.B.2 Viðtökuskjalasafn ákveður í samráði við afhendingaraðila, hvaða skjöl skal afhenda, þ.e. viðtökuskjalasafn ákveður hvaða liði á mynd 6.2 þarf ekki að skjala í hlutaðeigandi vörsluútgáfu.

6.B.3.a Skjölun skal staðsetja í einn eða fleiri af þeim flokkum sem sýndir eru á mynd 6.2.

6.B.3.b Upplýsingar um flokkunina skal skrá í röðunarskrána contextDocumentationIndex, sbr. 4.C.4.a.

6.B.4 Skjölun skal vista á einu af þeim skjalasniðmátum fyrir vörsluútgáfu sem skilgreind eru, sbr. 5.E – 5.F.

1. Skjölun vegna stýringar á upplýsingakerfinu		
	Nafn hlutar	Lýsing
1.a	systemPurpose	Hlutverk upplýsingakerfisins
1.b	systemRegulations	Lög og reglur sem varða upplýsingakerfið
1.c	systemContent	Innihald, dreifing og sértækr skilgreiningar er varða upplýsingakerfið
1.d	systemAdministrativeFunctions	Stjórnunarleg virkni upplýsingakerfisins
1.e	systemPresentationStructure	Uppbygging framsetningar gagna í upplýsingakerfinu
1.f	systemDataProvision	Öflun gagna
1.g	systemDataTransfer	Áframsending gagna
1.h	systemPreviousSubsequentFunction	Gögn og virkni sem eru sameiginleg með eldra kerfi og því kerfi sem fylgir á eftir
1.i	systemAgencyQualityControl	Gæðastjórnun/ferlar/hegðun skjalamyndarans
1.j	systemPublication	Útgefið efni af og um gögn
1.k	systemInformationOther	Annað
2. Skjölun um tæknilega útfærslu, rekstur og þróun upplýsingakerfisins		

	Nafn hlutar	Lýsing
2.a	operationalSystemInformation	Uppbygging rekstrarútgáfu upplýsingakerfisins
2.b	operationalSystemConvertedInformation	Umbreyting hjá skjalamyndara
2.c	operationalSystemSOA	Skjölun sem inniheldur upplýsingar um samsetningu gagna og rafrænna skjala frá ólíkum upplýsingakerfum í þjónustumiðuðum arkitektúr
2.d	operationalSystemInformationOther	Annað
3. Skjölun um afhendingu skjalamyndarans		
	Nafn hlutar	Lýsing
3.a	archivalProvisions	Númer á reglum um gerð vörsluútgáfu
3.b	archivalTransformationInformation	Skjölun um umbreytingu á gögnum úr rekstrarumhverfi yfir í vörsluútgáfu
3.c	archivalInformationOther	Annað
4. Skjölun vegna viðtöku vörsluútgáfunnar (fyllist út af viðtökuskjalasafni)		
	Nafn hlutar	Lýsing
4.a	archivistNotes	Athugasemdir skjalavarðar
4.b	archivalTestNotes	Athugasemdir vegna prófana
4.c	archivalInformationOther	Annað
5. Skjölun vegna varðveislu vörsluútgáfunnar (fyllist út af viðtökuskjalasafni)		
	Nafn hlutar	Lýsing
5.a	archivalMigrationInformation	
5.b	archivalInformationOther	Annað
6. Önnur skjölun		
	Nafn hlutar	Lýsing
6.a	informationOther	Annað

Mynd 6.2

6.C. Upplýsingar um töflur vörsluútgáfunnar (lýsigögn)

6.C.1 Vörsluútgáfa skal innihalda skjölun um töflur vörsluútgáfunnar og vensl á milli þeirra (töfluvísun). Töfluvísunin skal innihalda þær upplýsingar sem koma fram á mynd 6.3.

1. Upplýsingar um gagnagrunninn				
	Nafn hlutar	Lýsing	Notkun	Skylda
1.a	version	Snið útgáfu, er alltaf „1.0“	1	Já
1.b	dbName	Stutt nafn á gagnagrunninum	0-1	Já, ef þær upplýsingar er að finna í gagnagrunninum
1.c	databaseProduct	Nafn og útgáfunúmer gagnagrunnshugbúnaðar, þaðan sem vörsluútgáfan er mynduð	0-1	Já, ef þær upplýsingar er að finna í gagnagrunninum
2. Upplýsingar um töflur og sýnir				
	Nafn hlutar	Lýsing	Notkun	Skylda
2.a	tables	Listi yfir töflur í gagnagrunninum	1	Já
2.b	views	Listi yfir sýnir í gagnagrunninum	0-1	Já, ef það eru sýnir í vörsluútgáfunni
3. Upplýsingar um einstaka töflur				

	Nafn hlutar	Lýsing	Notkun	Skylda
3.a	name	Töfluheiti. Má ekki byrja með tölustaf	1	Já
3.b	folder	Nafn á möppunni sem inniheldur töflu og tilheyrandi skema	1	Já
3.c	description	Lýsing á innihaldi töflu og hlutverki/þýðingu hennar	1	Já
3.d	columns	Listi yfir dálka í töflunni	1-m	Já
3.e	primaryKey	Frumlykill töflunnar	1	Já
3.f	foreignKey	Framandlyklar	0-m	Já, ef það eru framandi lyklar
3.g	rows	Fjöldi raða í töflunni	1	Já
4. Upplýsingar um dálka				
	Nafn hlutar	Lýsing	Notkun	Skylda
4.a	name	Dálkaheiti	1	Já
4.b	columnID	Einkvæmt auðkenni dálks. Auðkennið skal byrja með 'c' og svo fylgir númer sem tilgreinir staðsetningu dálksins í töflunni	1	Já
4.c	type	SQL:1999 gagnategund	1	Já
4.d	typeOriginal	Upprunaleg gagnategund	0-1	Já, ef upplýsingarnar eru til í gagnagrunninum
4.e	defaultValue	Sjálfgefið gildi fyrir svið í dálkinum	0-1	Já, ef upplýsingarnar eru til í gagnagrunninum
4.f	nullable	Gildi sem tilgreinir hvort svið í dálkinum geta verið "NULL". Booleískt gildi	1	Já
4.g	description	Lýsing á innihaldi dálksins	1	Já
4.h	functionalDescription	Skilgreining á virkni dálksins með hliðsjón af mynd 6.4, 6.5 og 6.6	0-m	Já, ef dálkurinn er með eitthvað af skilgreindri virkni
5. Upplýsingar um frumlykla				
	Nafn hlutar	Lýsing	Notkun	Skylda
5.a	name	Nafn á frumlyklinum. Nafnið þarf að vera einkvæmt innan vörsluútgáfunnar og þarf að vera innan þess sem gildir um <i>constraint names</i> í staðlinum SQL:1999	1	Já
5.b	column	Upprunalegt nafn á dálkunum í frumlyklinum	1-m	Já
6. Upplýsingar um framandlykla				
	Nafn hlutar	Lýsing	Notkun	Skylda
6.a	name	Nafn á framandlyklinum. Nafnið þarf að vera einkvæmt innan vörsluútgáfunnar og þarf að vera innan þess sem gildir um <i>constraint names</i> í staðlinum SQL:1999	1	Já
6.b	referencedTable	Taflan sem framandlykillinn vísar í	1	Já
6.c	reference	Upprunaleg nöfn á dálkunum sem eru í framandlyklinum	1-m	Já

6.d	referenced	Upprunaleg nöfn á dálkunum sem framandlykillinn vísar í	1-m	Já
7. Upplýsingar um sýnir og fyrirspurnir				
	Nafn hlutar	Lýsing	Notkun	Skylda
7.a	name	Nafn á sýn	1	Já
7.b	queryOriginal	Upprunaleg SQL fyrirspurn sem skilgreinir sýnina eða SQL fyrirspurnina, sem er útbúin sérstaklega fyrir vörsluútgáfuna	1	Já
7.c	description	Innihald og merking sýnar eða SQL fyrirspurnar	0-1	Já, ef hægt er að nálgast þessar upplýsingar úr gagnagrunninum eða ef um er að ræða fyrirspurnir sem eru sérstaklega útbúnar fyrir vörsluútgáfuna

Mynd 6.3

6.C.2 Ekki á að skila sýnum úr kerfinu (systemviews).

6.C.3 Viðtökuskjalasafn getur ákveðið að meginsýnir eigi að vera með lýsingu sbr. mynd 6.3, 7.c.

6.C.4 Vakinn er athygli á að sértækar upplýsingar þurfa að vera til fyrir gagnakerfi sem eru með skráningu um skjöl.

6.C.5 Fyrir vörsluútgáfur af gagnakerfum, sem nefnd eru í 6.C.4, skulu dálkar sem innihalda sértækar upplýsingar, sbr. mynd 6.4 – mynd 6.6, einkennast með liðnum functionalDescription, sbr. mynd 6.3, 4.h.

6.C.6 Þær sértæku upplýsingar, sem gefnar eru upp á mynd 6.6, skal setja fram í því umfangi sem þær eru skráðar í gagnakerfið. Ef upplýsingarnar á mynd 6.6 finnast ekki skráðar í gagnakerfinu, skal í tengslum við afhendingu ákveða annan hátt til að setja fram upplýsingarnar sem tryggja að hægt sé að einkenna skjöl sem eiga saman efnislega, sbr. gildandi fyrirmæli þar um.

Einkenni á dálkum með föstum og sértækum upplýsingum í vörsluútgáfu úr gagnakerfi þar sem upplýsingar um skjöl eru skráð. Á við um gagnakerfi sem notað eru af fleiri en einum afhendingaraðila	
Upplýsingar	Lýsing
Myndighedsidentifikatión	Heiti á dálkum í vörsluútgáfunni sem innihalda upplýsingar um hvaða skjalamyndari hefur skráð mál eða skjal

Mynd 6.4

Einkenni á dálkum með föstum og sértækum upplýsingum í vörsluútgáfu úr gagnakerfi sem inniheldur skjöl		
Upplýsingar	Lýsing	Skilgreining
Dokumentidentifikatión	Notað til að tilgreina þann eða þá dálka í vörsluútgáfunni sem skilgreina einkvæmt auðkenni skjala	
Lagringsform	Notað til að tilgreina þann eða þá dálka í vörsluútgáfunni sem skilgreina hvort skjal er stafrænt, á pappír eða að hluta á pappír	Að fullu eða að hluta stafrænt = 1, á pappír = 2, á ekki við = 3
Afleveret	Notað við afhendingu á stöðvafriti þar sem tilgreindir eru sá/þeir dálkur/dálkar sem skilgreina hvort skjal hefur verið afhent í fyrri vörsluútgáfu	Áður afhent = 1, ekki afhent áður = 2

Mynd 6.5

Einkenni á dálkum með sértækum upplýsingum í vörsluútgáfu úr gagnakerfi þar sem upplýsingar um skjöl eru skráð	
Upplýsingar	Lýsing
Sagsidentifikation	Heiti á dálk(um) í vörsluútgáfunni sem skilgreina einkvæmt auðkenni máls
Sagstitel	Heiti á dálk(um) í vörsluútgáfunni sem skilgreina málsheiti
Dokumenttitel	Heiti á dálk(um) í vörsluútgáfunni sem skilgreina heiti og/eða lýsingu skjals
Dokumentdato	Heiti á dálk(um) í vörsluútgáfunni sem skilgreina sendingar- og móttökudagsetningu skjals
Afsender/modtager	Heiti á dálk(um) í vörsluútgáfunni sem skilgreina upplýsingar um sendanda og móttakanda
Digital signatur	Heiti á dálk(um) í vörsluútgáfunni sem skilgreina upplýsingar sem eru dregnar út úr rafrænni undirskrift
FORM	Heiti á dálk(um) í vörsluútgáfunni sem innihalda vísun í FORM flokkun
Kassation	Heiti á dálk(um) í vörsluútgáfunni sem skilgreina upplýsingar um varðveislu og grisjun

Mynd 6.6

6.D. SQL-fyrirspurnir

6.D.1 Viðtökuskjalasafn getur ákveðið að vörsluútgáfa eigi að innihalda skilgreiningu á SQL-fyrirspurnum sem skjölun á ákveðnu samhengi gagna í vörsluútgáfunni.

6.D.2 SQL-fyrirspurnir skal mynda eftir staðlinum SQL:1999 (core).

6.D.3 Fyrirspurnir skal staðsetja í >>Upplýsingar um sýnir og fyrirspurnir<< í töfluvísunarskránni sbr. mynd 6.3, 7, og skal nafngreina eftir vali afhendingaraðila, þó þannig að nafnið á fyrirspurnum byrji á >>AV<<.

Viðauki 7

Afhendingarmiðill

7.A.1 Vörsluútgáfa er afhent á CD-R, DVD-R eða USB miðli.

7.A.2 Fjöldi CD-R og DVD-R í vörsluútgáfu má ekki fara yfir 10, nema annað sé ákveðið milli afhendingaraðila og viðtökuskjalasafns.

7.A.3 Afhendingaraðili og viðtökuskjalasafn geta gert samkomulag um að afhending fari fram á öðrum miðlum eða með öðrum aðferðum til flutnings á gögnum.

7.A.4 Viðtökuskjalasafn getur heimilað að vörsluútgáfa sé dulkóðuð í tengslum við flutningsmáta.

Viðauki 8

Skemu

Tilbúin skemu til að nota fyrir myndun vörsluútgáfu er hægt að sækja á heimasíðu Þjóðskjalasafns Íslands.